



Alþingi

Erindi nr. **P** 128/630

komudagur 11.12.2002

Nefndasvið Alþingis,
Austurstræti 8-10,

150 Reykjavík

Bjarnastöðum, 10. desember 2002

Umsögn hreppsráðs Bessastaðahrepps

um frumvarp til laga um breytingu á sveitarstjórnarlögum nr. 45/1998, þskj. 15 – 15. mál 128. löggjafarþings 2002-2003:

Á fundi hreppsráðs Bessastaðahrepps þann 5. desember 2002 var samþykkt svohljóðandi umsögn um téð lagafrumvarp:

“Hreppsráð Bessastaðahrepps hafnar fram lögðu frumvarpi til laga um breytingu á sveitarstjórnarlögum nr. 45/1998, þskj. 15 – 15. mál 128. löggjafarþings 2002-2003.

Hreppsráð telur eðlilegt að sveitarstjórnir leiti til íbúa í auknum mæli um ýmis málefni sveitarfélaga með borgarafundum eða íbúáþingum, sem mörg stærri sveitarfélög hafa efnt til á undanförunum árum um einstök mál og málaflokka, þ.á.m. Bessastaðahreppur.

Hreppsráð álitur 104. gr. sveitarstjórnarlaga vera nægilega bindandi fyrir sveitarfélög hvað þetta varðar og telur fram lagt frumvarp um lögbindingu íbúáþinga og setningu regla af hálfu ráðherra í kjölfarið, eins og frumvarpið segir til um, ekki vera rétta leið til þróunar íbúalýðræðis meðal sveitarfélaga, heldur eigi slíkar ákvarðanir áfram að vera í valdi sveitarfélaganna sjálfra.”

Virðingarfyllst,

Gunnar Zahur Gíslason, sveitarstjóri